

Mál nr. 4

Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Fjölnis, Reykjavík gegn Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Tindastóls, Sauðárkróki

Kæra Fjölnis

Stjórn knattspyrnudeildar Fjölnis (KDF) kærir framkvæmd leiks í 2. flokki karla milli Tindastóls og Fjölnis, sem fram fór á Sauðárkróki þann 26. júlí síðastliðinn.

Málsatvik 1

Þjálfari 2. flokks karla Fjölnis gerði athugasemd við dómara réttindi annars aðstoðardómarans, Kristmars Björnssonar, fyrir leik og ítrekað í hálfleik, en skv. 8. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnudómara skulu “aðstoðardómarar í öllum deildarleikjum og bikarkeppnum KSÍ, í landsmótum 1., 2. og 3. flokks, úrslitaleikjum 1., 2., 3., 4. og 5. flokks og leikjum við erlend lið undantekningarlaust hafa dómara réttindi”. Kristmar Björnsson hefur ekki réttindi sem dómari af neinni gráðu.

Téður aðstoðardómari hafði alvarleg og ítrekuð áhrif á gang leiksins sem rekja má til reynslu- og þekkingarleysis viðkomandi.

Á leikskýrslu hefur aðaldómari, Guðmundur B. Ólafsson, ekki fært inn athugasemd þjálfarans eins og honum bar. Fjölmörg vitni eru að því að Oddbjörn Magnússon, annar aðstoðardómari leiksins, viðurkenndi að athugasemdir þjálfarans voru bornar fram við dómara leiksins fyrir leik og ítrekaðar í hálfleik. Þau vitni munu leidd fram ef þörf krefur. Er framkoma aðaldómara, sem að auki meinaði þjálfara Fjölnis að skoða leikskýrslu eða afrit af henni að leik loknum, harðlega átalín og gefur til kynna að viðkomandi hafi ekki gætt ýtrasta hlutleysis í störfum sínum.

Öðrum ávirðingum aðaldómara á leikskýrslu er vísað á bug og bent á að hann tók við útfylltri leikskýrslu án athugasemda frá þjálfara Fjölnis fyrir leik, en þá átti heimalið eftir að fylla út sinn hluta. Við skoðun leikskýrslunnar er ljóst að bætt hefur verið inn á hluta aðkomuliðs með annarri rithönd, enda fullyrðir þjálfari Fjölnis að ekkert nema það sem þar átti að vera hafi verið ritað á þeirra hluta leikskýrslunnar.

Varðandi “óþarfa athugasemdir og leiðinda kjaft” þjálfara Fjölnis, eins og aðaldómari ritar í skýrsluna, verður það héðan af varla talin óþarfa athugasemd að óska eftir því að sjá með eigin augum að téður dómari hafi fært á skýrsluna athugasemdir þjálfara fyrir leik og í hálfleik, enda orðið ljóst að hann hafði fulla ástæðu til að vantroysta gjörðum dómarans.

Heimalið mætti of seint til leiks þannig að leikur gat ekki hafist fyrr en 20 mín. eftir skráðan leiktíma. Aðaldómara leiksins, Guðmundi Ólafssyni, finnst sýnilega ekki heldur ástæða til að nefna slíka óvirðingu heimaliðs á leikskýrslu. Ljóst er að óvirðing heimaliðs og starfsmanna þess gagnvart Fjölni er alger og óverðskulduð og er henni mótmælt harðlega.

Setning téðs aðstoðardómara er skýlaust brot á framkvæmd leiksins, sem var alfarið á ábyrgð heimaliðs, samkvæmt 3.5 gr. 3. málsgrein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót (“Dómgæsla”): “Heimalið skal vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum: b. landsmóti yngri flokka karla og kvenna (riðlakeppni), c. bikarkeppni

yngr flokka karla og kvenna”. Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 3.2 gr. um lögmæti kappleiks, er “kappleikur ...því aðeins gildir, að farið sé eftir reglum KSÍ og ÍSÍ”.

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 3.5 gr. 6. málsgrein (“Dómgæsla”), segir: “Hafi dómari með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna innan hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs, enda hafi verið boðað til leiksins með minnst 48 klst. fyrirvara. Þessi regla á því aðeins við um þau tilvik þegar heimalið ber ábyrgð á mætingu dómara og aðstoðardómara, samanber 3. málsgrein”.

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 4.2 gr. 4. málsgrein (“Kætur”), segir: “Þótt félag sé uppvíst að leikbroti, losar það ekki mótaðilann við keppnisskyldu”. Því fór leikurinn fram eftir að ofangreindar athugasemdir höfðu verið bornar fram.

Krafa 1

Úrslit leiksins dæmd ómerk og hann settur á að nýju eins og segir í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 3.5 gr. 6. málsgrein.

Krafa 2

Þess er krafist að aðaldómari leiksins, Guðmundur B. Ólafsson, verði áminntur vegna vanrækslu í starfi sínu varðandi leik þennan, þar sem hann færði ekki inn á leikskýrslu löglega fram bornar athugasemdir þjálfara Fjölnis við framkvæmd leiksins.

Málsatvik 2

Lið heimaliðs mætti of seint til leiks, þannig að leikur gat ekki hafist fyrr en 20 mínútum eftir auglýstan leiktíma. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 4.5 gr. 1. málsgrein (“Sektir”), segir: “Lið sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og sæta þar að auki sekt....” Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (“Kætur”), 4.2 gr. 4. málsgrein, segir: “Þótt félag sé uppvíst að leikbroti, losar það ekki mótaðilann við keppnisskyldu”. Því fór leikurinn fram þrátt fyrir ofangreinda seinkun. Tekið skal fram að tími leiksins er rétt skráður í mótabók KSÍ, 26. júlí kl. 14:00.

Krafa 3

Á grundvelli ofangreindra greina og þess að með framkomu sinni hefur heimalið bakað KDF óþarfa kostnað og fjárútlát, fer KDF fram á að heimalið verði dæmt til að greiða ferðakostnað aðkomuliðs að upphæð kr. 140.000,- (eittundrað og fjörutíu þúsund).

Virðingarfyllst,
f.h. knattspyrnudeildar Fjölnis
Birgir Gunnlaugsson, formaður

Úrskurður Knattspyrnudómstóls Norðurlands vestra

Mánudaginn 13. ágúst 1998 er dómþing knattspyrnudómstóls Norðurlands vestra háð að Skagfirðingabraut 21 Sauðárkróki, af Halldóri Halldórssyni, dómsformanni. Fyrir er tekið mál nr. 1/1998, knattspyrnudeild Fjölnis gegn knattspyrnudeild UMF Tindastóls.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur úrskurður

Kæra málsins barst formanni dómsins með símbréfi 31. júlí sl., en gögn þess hafa ekki borist í frumriti.

Eins og aðild að máli þessu er háttáð þykir ekki ástæða til að formaður kalli dóminn saman, eins og ráð er gert fyrir, þar sem hann er virkur félagi í UMF Tindastóli og þegar af þeirri ástæðu vanhæfur til að fjalla um mál þetta. Halldór Halldórsson kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð

Halldór Halldórsson, formaður Knattspyrnudómstóls Norðurlands vestra, vísar úr sæti í máli þessu.

Úrskurðurinn er kveðinn upp að aðilum fjarstöddum.
Dómþingi slitið.

Halldór Halldórsson